



Nefndasvið Alþingis
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Reykjastræti 8
101 Reykjavík

Sent á nefndasvið Alþingis, formann og ritara efnahags- og viðskiptanefndar.

Reykjavík, 8. desember 2025

Efni: Viðbótarumsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta, gjöld o.fl. (tollar, leigutekjur o.fl.), 257. mál, 157. löggjafarþing (Alþingi)

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) senda hér með inn viðbótarumsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum um skatta, gjöld o.fl. (tollar, leigutekjur o.fl.), 257. mál, 157. löggjafarþing. Eftir að samtökin sendu inn umsögn sína bærust athugasemdir frá félagsmönnum um ómöguleika hvað varðar 1. gr. frumvarpsins sem samtökunum er ljúft og skylt að benda á. Greinin varðar heimild fyrir einstaklinga til skattfrádráttar vegna hlutabréfakaupa í sprotafyrirtækjum, sbr. 30. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, sem er, eins og samtökin bentu á í fyrri umsögn sinni um málið, einn af mikilvægustu skattahvötum ríkisins til þess að hvetja til fjárfestinga í nýsköpunar- og vaxtafyrirtækjum.

Úrræðið sem um ræðir rann út árið 2024 og er þessu frumvarpi ætlað að endurvekja það. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að það nái til fjárfestinga á árinu 2025. Hins vegar er framkvæmdin sú hjá Skattinum að óska skuli eftir samþykki áður en hlutafjárukning fer fram og því mun úrræðið ekki eiga við um neina fjárfestingu á árinu 2025.

Því leggja samtökin til að samþykkt verði tímabundið ákvæði sem kveði á um að varðandi fjárfestingar fyrir árið 2025 verði Skattinum heimilt að veita samþykki afturvirkkt, þ.e.a.s. að kveðið verði sérstaklega á um afturvirka heimild til veitingar viðurkenningar vegna hlutafjárukninga sem þegar hafa átt sér stað á árinu.

Bagalegt væri að Skatturinn hefði ekki heimild til þess að framfylgja vilja löggjafans um að úrræðið gildi fyrir fjárfestingar á árinu 2025. Nái tillagan ekki fram að ganga yrði brotið á jafnræði á milli fjárfesta sem og sprotafyrirtækja, þar sem þau sem réðust í hlutafjárukningu á þessu tekjuári geta ekki fengið heimild fyrir skattfrádrætti en þau sem réðust í hlutafjárukningu á árinu áður eða á árinu eftir hefðu tök á að óska eftir slíkri heimild.

Reynsla SI sýnir að þetta skattahvataúrræði hefur skipt verulegu máli, einkum á fyrstu stigum verkefna. Úrræðið hefur gert fyrirtækjum kleift að virkja engla fjárfesta með sérþekkingu og reynslu til þátttöku í hlutafjárukningum, sem hefur styrkt fjárhagslegan grundvöll þeirra og gert þeim kleift að ráðast í metnaðarfull verkefni.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði